

# Á stífum æfingum fyrir upptökur í Abbey Road

**Tónskáldið Halldór Smárason** segist efins um að hann starfaði í tónlist ef hann hefði ekki alist upp á Ísafirði. Í viðtali við List á Vestfjörðum segir Halldór frá glæstum ferli sínum þrátt fyrir ungan aldur og spennandi verkefnum sem eru handan við hornið.

## –Hvenær byrjaðir þú að semja tónlist?

„Ég byrjaði fyrst að fíkta við að semja lög um það bil 12-13 ára. Þá var ég nýfluttur heim til Ísafjarðar eftir að hafa dvalið í hálfu ári í Edinborg ásamt fjölskyldu minni, en þar tileinkaði ég mér að spila eftir eyranu. Þegar heim var komið kenndi Kristján vinur minn mér á gítar og við stofnuðum hina fornfrægu hljómsveit Apollo og sömdum mörg lög fyrstu misserin.

Síðan liðu nokkur ár og í Menntaskólanum á Ísafirði kom ég að tónsmíðum á söngleik auk útsetninga og tónlistarsjónar í öðrum söngleikjum.

Það var þó ekki fyrr en eftir stúdentspróf sem ég hóf tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands og hóf að semja tónlist af meiri alvöru. Síðustu sjö ár hef ég samið um fimm til sjö verk á ári, af fjölbreyttum toga.“

## Orti verk fyrir stærstu hljómsveit landsins

### –Nú virðist þú hafa duflað við nánast allar tónlistarstefnur - áttu þér einhverja uppáhalds stefnu?

„Ég tel það mikil forréttindi að hafa bakgrunn í fjölbreyttum tónlistarstefnum og ef til vill gerir það mér kleift að starfa sem tónlistarmaður í dag. Þannig fæ ég fleiri verkefni af ólíkum toga og eins nýti ég mér bakgrunninn í þeim stílum sem



ég vinn að hverju sinni. Ég get ekki sagt að ég eigi mér uppáhaldsstefnu eða stíl heldur vinna þær hver með annarri og gera það að verkum að mér líður afar sjaldan eins og ég sé fastur í einhverju fari. Gott dæmi um þetta er frá því í sumar þar sem ég skiptist á að vera erlendis á tónlistarhátíðum að semja og hlusta á nútímatónlist og koma heim og spila á Þjóðhátíð í Eyjum, í brúðkaupum eða á sveitaböllum. Það er ofboðslega frelsandi að geta skipt ört um stíla.“

### –Áttu þér eitthvað uppáhaldsverk úr þínu eigin safni?

„Mér þykir sennilega vænst um þau verk sem ég hef eytt mestum tíma í og fengið oftast flutt. Ég hugsa að það sem standi upp úr sé mastersverkið mitt frá Manhattan School of Music, en það var hljómsveitarverkið átt,



frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Manhattan School of Music og síðar af Útvarpssinfóníuhljómsveitinni í Stuttgart og Útvarpssinfóníuhljómsveit franska ríkisútvarpsins. Einnig er mitt fyrsta verk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, rekast, mér mjög kært, en það var frumflutt í apríl á þessu ári. Verkið var pantað í gegnum verkefnið Yrkju og þótti mér vænt um að vera valinn til þess að skrifa fyrir þessa stærstu hljómsveit landsins.”

#### –Geturðu sagt mér aðeins frá Yrkju?

„Í maí í fyrra var ég valinn til að taka þátt í verkefninu Yrkju, starfspróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verkefnið er hugsað fyrir tónskáld á fyrri hluta starfsævi sinnar og er ætlað að brúa bil milli háskólanáms og starfsferils. Í þetta fyrsta skipti voru þrjú tónskáld valin til að semja ný verk fyrir Sí undir handleiðslu Daniels Bjarnasonar, tónskálds og hljómsveitarstjóra. Það sem var einstakt við verkefnið var sá fjöldi æfinga og athugasemda sem við fengum með hljómsveitarmeðlimum og stjórnanda. Í fyrsta sinn þurfti ég til dæmis að skila sama verkinu (raddskrá og pörtum fyrir 74 hljóðfæraleikara) prisvar á mismunandi stigum tónsmíðafærlisins; fyrst á algjöru hugmyndastigi, því næst hálfkláruðu og að lokum fullkláruðu.

Þetta kostaði því mun meiri vinnu en við flest önnur verk en á móti kom að það gaf ég mér meiri tíma í smáatriði og verkið varð úthugaðra og fullmótaðra fyrir vikið.

Ferlið var virkilega ánægjulegt og lærdómsríkt, og var það mér afar kært að fá að kynna hljómsveitinni svo vel. Eins var frábært að fá listrænar ábendingar frá Daniel á meðan vinnunni stóð, en ég hafði áður unnið með honum og þekkti því til hans vönduðu vinnubragðaog auðvitað var þinn var m æfinga stærstu hljvön. Frumflutningurinn á verkefninu gekk eins og í sögu og í sannleika sagt var hálfúrealískt að horfa á fullskipaða Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja mitt eigið hugverk sem varð að mestu skapað á blöð heima í stofu.”

#### Vill vikka orðaforða sinn innan tónlistarinnar

–Nú hefurðu tekið þátt í ýmsum fjölbjörglegum verkefnum, finnst þér þú læra nýja hluti hjá erlendum tónlistarmönnum eða er tónlistin alþjóðlegt tungumál og eins sama hvar í heiminum?

„Ég hef verið mjög lánsamur að hafa

fengið tækifæri til að vinna með frábærum listamönnum og hópum víða erlendis á undanförunum árum, bæði í gegnum keppnir, hátíðir eða önnur tengsl. Þetta ár hefur verið sérstaklega gjöfult í þeim efnum en á síðustu mánuðum hef ég verið valinn til að vinna með útvarpssífonihljómsveitum í Stuttgart og París, einni þekktustu kammersveit heims í París, Ensemble intercontemporain, farið á hátíðir í Manchester, Halland og Aarhus og margt fleira. Í sumum tilfellum hefur samstarfið undið upp á sig og eftir nokkurra missera samvinnu hef ég nú skrifað undir samstarfssamning við listviðburðarfyrirtækið Curated Place í Manchester, sem mun framvegis sjá um mín umboðsmál er viðkoma störfum mínum sem tónskáld.

Tónlistin er alþjóðlegt tungumál þó svo mismunandi lönd og menningarheimar hafi ólíkar áherslur og heimspekí. Það er í raun ástæðan fyrir því hversu mikið ég reyni að starfa erlendis; ég vil gjarnan upplifa nýjar hugmyndir og strauma og víkka orðaforða minn innan tónlistarinnar. Það sama á við um þegar maður hittir tónlistarmenn á Íslandi sem hafa lært erlendis, allir græða á fjölbreytileikanum. Stundum er eitt samtal nóg til að öðlast nýtt sjónarhorn á listina, sem skýtur svo rótum í höfðinu á manni og lætur mann hugsa.

Ég hef lært gríðarlega margt af því að vinna með fjölbreyttum listamönnum erlendis, bæði á stórum og smáum skala, og vil halda því áfram."

## Einstök forréttindi að fá að alast upp fyrir vestan.

### –Hvað er svo framundan hjá þér?

„Framundan eru mörg spennandi verkefni, bæði í tónsmíðum og spílamennsku. Þegar þetta viðtal er tekið

er ég á stífum æfingum fyrir upptökuferð í Abbey Road, studio 2, í London (þar sem Bítlanir tóku upp margar af sínum plötum) þar sem ég mun fara og taka upp plötu ásamt stórrí hljómsveit, Fjallabræðrum og listamönnum á borð við Mugison, Jónas Sig, Lay Low og Magnús Þór Sigmundsson. Svo er stefnt á útgáfutónleika í haust eða vetur. Fyrir utan að vera meðlimur í hljómsveitinni Albatross hoppa ég oft inn í hvers kyns tónleika eða tilfallandi gígg og eru mörg slík framundan í vetur.

Þá er ég um þessar mundir að leggja lokahönd á hátíðarverk samið fyrir Gígjuna, landsmót íslenskra kvennakóra, sem haldið verður á Ísafirði um hvítasunnuhelgina 2017. Þegar því er lokið mun ég svo hefja vinnu við verk ásamt breska ljóðskáldinu Adelle Stripe, en það verður flutt í apríl á næsta ári.

Að lokum má nefna að listhópurinn minn, Errata Collective, sem hélt mjög vel sóttu tónleika í Hömrum í sumar, stefnir á útgáfu á sinni fyrstu hljómsplötu nú í haust og munum við standa fyrir hópfiármögnun fyrir henni á Karolina Fund á allra næstu vikum. Þar má heyrja ný verk eftir fjóra meðlimi Errata, þar á meðal mig, en það verk er byggt á „Guð blessi Ísland“-ræðu Geirs H. Haarde frá 8. október 2008.

### – Eitthvað sem þú vilt koma að?

„Ég er efins um að ég hefði tónlist að atvinnu í dag ef ég hefði ekki alist upp á Ísafirði. Það er magnað hvað samfélag af þessari stærðargráðu hefur getað gefið ungu tónlistarfólki svona mörg tækifæri og veitt nauðsynlegan stuðning, bæði innan tónlistarskólanna og utan þeirra. Þarna tel ég Ísafjörð og nágrenni hafa algjöra sérstöðu á landsvísu. Ég held að fólk geri sér almennt ekki grein fyrir hve mikil auðlind menningin fyrir vestan er og hversu einstök forréttindi það eru að fá að alast þar upp.“